

Nokkrar þeirra listakvenna sem standa að listhúsinu Sneglu sem verður opnað á morgun, laugardag.

Snegla opnar

Listhúsið Snegla, Grettisgötu 7, verður opnað á morgun, laugardaginn 12. október. Þar verða listmunir til sýnis og sölu, unnir af 15 listakonum sem vinna í textíl, keramik og skúlptúr. Listhúsið Snegla verður opið mánudaga til föstudaga frá klukkan 12–18 og laugardaga frá 10–14. Símanúmerið er 620426.

Þær sem að Sneglu standa eru Arnfríður Lára Guðnadóttir, Björk Magnúsdóttir, Elísabet Þorsteinsdóttir, Erna Guðmarsdóttir, Guðrún J. Kolbeins, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Herdís Tómasdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingiríður Óðinsdóttir, Ingunn Erna Stefánsdóttir, Jóna S. Jónsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir, Sonja Håkansson, Vilborg Guðjónsdóttir og Þuríður Dan Jónsdóttir.

Austursalur Kjarvalsstaða:

Andlit daganna

Harpa Björnsdóttir opnar á morgun, laugardaginn 12. október, sýningu í austursal Kjarvalsstaða. Sýningin ber yfirskriftina Andlit daganna og er að einhverju leyti hugleiðingar um svipi daganna og andblæ, minningar um líf sem hverfur en birtist alltaf aftur í nýrri mynd.

Harpa dvaldi í sumar í vinnustofu norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í Finnlandi. Þetta er sjötta einkasýning hennar en hún hefur áður sýnt á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum og auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða um sextíu verk. Sýningin, sem stendur til 27. október, er opin daglega frá klukkan 11–18.

Gallerí Borg:

Pastelmyndir Hrings

Nú stendur yfir sýning á nýjum pastelmyndum eftir Hring Jóhannesson í Gallerí Borg við Austurvöll. Sýningin er opin alla daga vikunnar frá klukkan 14–18 en henni lýkur 22. október.



Brynja Árnadóttir sýnir pennateikningar í Hafnarborg.

Kaffistofa Hafnarborgar:

Brynja sýnir pennateikningar

Nú stendur yfir í Kaffistofu Hafnarborgar sýning á pennateikningum eftir Brynju Árnadóttur.

Brynja er fædd 1942 og lærði fyrst teikningu hjá Birgi Schiöth á Siglufirði. Á árunum 1959–60 stundaði hún nám hjá Ragnari Kjartanssyni myndlistarmanni í Myndlistarskólanum við Freyjugötu. Brynja nam einnig í Baðstofunni sem er myndlistarskóli í Keflavík. Kennari hennar þar var Jón Gunnarsson listmálari.

Sýning Brynju í Hafnarborg er þriðja einkasýning hennar en hún sýndi í Bjórhöllinni 1989 og í Keramikhúsinu í febrúar síðastliðnum. Hún tók einnig þátt í samsýningu í Baðstofunni í Keflavík 1984.

Sýningin stendur til 20. október og er opin frá klukkan 11–19 virka daga og 14–19 um helgar.

Lóuhreiðrið:

Vatnslitamyndir Bryndísar

Bryndís Þórarinsdóttir sýnir vatnslitamyndir á kaffistofunni Lóuhreiðrinu í Kjörgarði, Laugavegi 59.

Bryndís lærði myndlist hjá Bjarna Jónssyni listmálara í Flensborg 1958–59, var í einkakennslu á vinnustofu hjá Sverri Haraldssyni listmálara, lærði teiknun og málun í Handmenntaskóla Íslands 1988–89 og í ICS School of Art í Pennsylvaniu í Bandaríkjunum 1989–90. Þá varð Bryndís handmenntakennari frá KSÍ 1970.

Bryndís hefur haldið þrjár einkasýningar og tekið þátt í þremur samsýningum.

Sýningin er opin frá klukkan 9–18 virka daga og hún stendur til nóvemberloka.

Myndin er af Bryndísi Þórarinsdóttur.

grafík og myndir, unnar í kol, pastel og olíu, í sýningarsal sínum að Stangarhyl 7. Opið virka daga kl. 12–18. Aðrir tímar eftir samkomulagi.

Árbæjarsafn
Opið kl. 10–18 um helgar.

Ásgrímssafn
Bergstaðastræti 74
Í safni Ásgríms Jónssonar eru nú sýnd 26 verk. Mörg verkanna, sem bæði eru unnin í olíu og með vatnslitum, eru frá árunum 1905–1930 og eru þau einkum frá Suðurlandi. Safnið er opið daglega nema mánudaga kl. 13.30–16.00.

Ásmundarsafn
Sigtúni
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. Jafnframt hefur verið tekin í notkun ný viðbygging við Ásmundarsafn. Safnið er opið frá kl. 10–16 alla daga.

Ásmundarsalur
Freyjugötu 41
Kristín Geirsdóttir sýnir málverk. Á sýningunni eru verk unnin með olíu á striga. Þetta er fyrsta einkasýning Kristínar en hún hefur tekið þátt í samsýningu. Sýningin er opin daglega kl. 14–19. Henni lýkur 16. október.

FÍM-salurinn
v/Garðastræti
Þar stendur yfir sölusýning til ágóða fyrir félagið. Eru það verk félagsmanna og gefa þeir félaginu helming andvirðis mynda sinna og gengur það til afborgunar á sýningarhúsnæði félagsins. Sýningin stendur til 14. október og er opin alla daga kl. 14–18.

Gallerí Borg
Pósthússtræti 9
Nú stendur yfir sýning á nýjum pastelmyndum eftir Hring Jóhannesson. Sýningin er opin alla daga vikunnar frá kl. 14–18 en henni lýkur 22. október.

Gallerí einn einn
Skólavörðustíg 4,
Sigurður Eyþórsson sýnir 21 verk, unnin á sl. þremur árum, málverk og teikningar. Sýningin stendur til 24. október og er opin daglega kl. 12–19.

Gallerí List
Skipholti
Þar stendur yfir sýning á verkum eftir nokkra listamenn. Þar gefur að líta grafíkmálverk, keramik, postulín, glerverk og rakúkeramik. opið virka daga kl. 10.30–18.

Gallerí Sigurþórs
Víðimel 61
er opið alla daga frá kl. 13–18. Myndverk eftir Sigurþór Jakobsson til sýnis og sölu.

Gallerí Sævars Karls
Bankastræti 9
Í dag opnar Kristín Arngrímsdóttir myndlistarsýningu í Gallerí Sævars Karls. *Myndirnar á sýningunni eru unnar* með bambuspenna og tússi. Kristín hefur tekið þátt í samsýningum og haldið einkasýningu í bókasafni Mosfellsbæjar. Sýningin stendur til 8. nóvember og er opin á verslunartíma kl. 9–18 og 10–16 á laugardögum.

Hafnarborg
Strandgötu 34
Á morgun opnar Elías Hjörleifsson sýna fyrstu einkasýningu á Íslandi. Á sýningunni verða olíumálverk og myndir unnar með olíustifti og olíukrít. Sýningin verður opin frá kl. 14–19 alla daga nema þriðjudaga fram til 27. október. Þá sýnir Brynja Árnadóttir pennateikningar í kaffistofu Hafnarborgar. Sýning hennar stendur til 20. október og er opin frá kl. 11–19 virka daga og kl. 14–19 um helgar.

Hlaðvarpinn
Vesturgötu 3
Valdimar Bjarnfreðsson sýnir 35 myndir, unnar í olíu- og akríl.

J. Hinriksson Maritime Museum
Súðarvogi 4
Sjóminja- og vélsmiðjumunasafnið er opið frá kl. 13–17 þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga.

Keramikhúsið, gallerí
v/Faxafen
Sýning á leikaramyndum eftir Halldór Pétursson. Opið alla daga kl. 13–18 nema laugardaga kl. 13–17.

Listasafn Einars Jónssonar
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–17.

Listinn, gallerí – innrömmun
Síðumúla 32
Uppsetningar eftir þekkta íslenska málara: olía, vatnslitir, pastel og grafík. Opið virka daga kl. 9–18, laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Mokkakaffi
v/Skólavörðustíg
Þessa dagana heldur Þór Stiefel sýningu á vatnslitamyndum. Sýningin er öll unnin á þessu ári.

Katel
Laugavegi 20b
(Klapparstígsmegin)
Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda listamenn, málverk, grafík og leirmunir.

Kjarvalsstaðir
v/Miklatún
Á morgun opnar Einar Hákonarson sýningu á málverkum í vestursal. Í vestur- og austurforsal opnar Hallsteinn Sigurðsson sýningu á höggmyndum. Í austursal opnar Harpa Björnsdóttir sýningu á málverkum og höggmyndum. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 10–18 og er veitingabúðin opin á sama tíma.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda
Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opið er daglega kl. 14–18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands
Fríkirkjuvegi 7
Þar stendur yfir sýning á ljósmyndaverkum sem Sigurður Guðmundsson gerði á árunum 1970–1980. Sýningin ber yfirskriftina Natúra Rómantíka.
Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 12–18 og er aðgangur ókeypis. Veitingastofa safnsins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70
Í safninu er yfirlitssýning á andlitsmyndum eftir listamanninn frá árunum 1927 til 1980. Opið er um helgar kl. 14–17.

Listhúsið Snegla,
Grettisgötu 7,
Listhúsið Snegla verður opnað laugardaginn 12. október. Þar verða listmunir til sýnis og sölu, unnir af 15 listakonum sem vinna í textíl, keramik og skúlptúr. Opið mánudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 10–14.

Mílanó,
Faxafeni 11,
Steinþór Marinó Gunnarsson sýnir í kaffihúsinu Mílanó. Hann sýnir þar olíumálverk, pastelmyndir og myndir unnar með blandaðri tækni. Sýningin er opin alla virka daga kl. 9–19, laugardaga kl. 9–18 og sunnudaga kl. 13–18.

Nýhöfn
Sigurður Guðmundsson sýnir í Nýhöfn. Á sýningunni eru skúlptúrar, málverk, teikningar og grafík. Sýningin er opin virka daga kl. 10–18 og frá kl. 14–18 um helgar. Lokað á mánudögum. Sýningunni lýkur 23. október.

Nýlistasafnið
Inga Ragnarsdóttir hefur opnað sína fyrstu einkasýningu hérlendis. Verkin eru öll unnin á þessu og síðasta ári og eru aðallega úr málmi auk þess sem nokkur þeirra eru úr hinum svokallaða stúkkmarmara. Sýningin er opin daglega kl. 16–20 og um helgar kl. 14–20.

Sjóminjasafn Íslands
Vesturgötu 8
Hafnarfirði, sími 52502
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14–18.

Stofnun Árna Magnússonar
Árnagarði, Suðurgötu
Handritasýning í Stofnun Árna Magnússonar er opin í Árnagarði alla daga í sumar fram til 1. september kl. 14–16.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Vinnustofa Ríkeyjar
Hverfisgötu
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10–16.

Þjóðminjasafnið
Í Bogasal Þjóðminjasafnsins stendur yfir sýningin „Stóra-Borg – fornleifarannsókn 1978–1990". Þar er sögð saga fornleifarannsókna á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum, Rangárvallasýslu, og sýndir gripir sem þar fundust. Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11–16. Sunnudaginn 13. október kl. 14 verður Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur á staðnum og fylgir gestum um sýninguna og skýrir hana.

Myndlistarsýning í menntamálaráðuneytinu
Myndlistarsýning sunnlenskra listamanna stendur yfir í menntamálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4. Sýningin er opin alla virka daga kl. 8.45–17 fram til 4. desember.

Menningarstofnun Bandaríkjanna
Laugavegi 26,
Þar stendur yfir sýning á bandarískum bókum og tímaritum um umhverfismál. Á sýningunni eru um 380 titlar frá um 80 útgefendum. Viðfangsefni þessara rita, sem flest eru gefin út á árunum 1989–91, er umhverfismál, séð frá öllum sjónarhornum. Sýningin er opin á opnunartíma Ameríska bókasafnsins kl. 11.30–18 alla virka daga til 31. október.

Myndlistarsýning Landssamtaka Þroskahjálpar
Á morgun kl. 15–17 opna Landssamtökin Þroskahjálp sýningu á grafíkmyndum í húsnæði sínu að Suðurlandsbraut 22, Reykjavík. *Sýningin er opnuð í tilefni af* útkomu happdrættisalmanaks Þroskahjálpar og eru myndirnar á sýningunni þær sem prýða almanakið 1992. Þekktasti listamaður sýningarinnar er hinn heimsfrægi listamaður Erró sem hefur gefið samtökunum þrjár grafíkmyndir á þessu ári. Aðrar myndir á sýningunni eru eftir vel þekkta íslenska listamenn. Allar myndirnar á sýningunni eru til sölu. Sýningin verður opin daglega til áramóta kl. 15–17.

40 ára starfsafmæli íslensks heimilisiðnaðar
Í tilefni af 40 ára afmæli íslensks heimilisiðnaðar verður opnuð á morgun sýning á útsaumum og ofnum veggteppum og myndum og einnig verða sýndar alls konar sessur sem gerðar eru á tímabilinu frá aldamótum og til dagsins í dag. Sýningin verður opin á morgun kl. 16–18, á sunnudag kl. 14–18 og síðan á venjulegum verslunartíma. Sýningin er í Hafnarstræti 3.

Minjasafnið á Akureyri
Aðalstræti 58, sími 24162
Opið daglega kl. 11–17. Þar stendur yfir sýning á mannamyndum Hallgríms Einarssonar ljósmyndara. Möppur með ljósmyndum liggja frammi og einnig eru til sýnis munir og áhöld af ljósmyndastofu Hallgríms.